

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 209/2014

2015/EES/52/01

frá 24. október 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2014 frá 21. mars 2014 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536, sem fóðurukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 943/2005, (EB) nr. 1206/2005 og (EB) nr. 322/2009 (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 292/2014 frá 21. mars 2014 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), sem fóðurukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er ROAL Oy) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 399/2014 frá 22. apríl 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus brevis* DSM 23231, *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680, *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 og *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður. Ákvæði löggjafar um föður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zs (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004), lið 1zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005) og lið 1zzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1206/2005):

„– **32014 R 0290**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2014 frá 21. mars 2014 (Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 84).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 84.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 90.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 40.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzx (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 322/2009):
- „eins og henni var breytt með:
- **32014 R 0290**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2014 frá 21. mars 2014 (Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 84).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2zzzz (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1404/2013):
- „2zzzza. **32014 R 0290**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2014 frá 21. mars 2014 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536, sem fôðuraufni fyrir alifugla, fráfarugrasi og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 943/2005, (EB) nr. 1206/2005 og (EB) nr. 322/2009 (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) (Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 84).
 - 2zzzzb. **32014 R 0292**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 292/2014 frá 21. mars 2014 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 126897), sem fôðuraufni fyrir alifugla, fráfarugrasi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er ROAL Oy) (Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 90).
 - 2zzzzc. **32014 R 0399**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 399/2014 frá 22. apríl 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus brevis* DSM 23231, *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680, *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 og *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169 sem fôðuraufni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 40).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 290/2014, (ESB) nr. 292/2014 og (ESB) nr. 399/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.